

4. fundur skólanefndar vegna Flúðaskóla árið 2015, haldinn 28. ágúst 2015 í Flúðaskóla, kl. 12.00. 6. fundur kjörtímabilsins 2014 – 2018.

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir sem ritaði fundargerð, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir, aðstoðarskólastjóri, Halla Gunnarsdóttir, fulltrúi kennara, Erla Björg Arnardóttir, Ásmundur Lárusson boðaði forföll, Ingvar Hjálmarsson mætti ekki.

Dagskrá:

- 1. Skýrsla skólastjóra.**
- 2. Innra mat og umbótaáætlun.**
- 3. Bréf vegna þátttöku í samræmdum prófum.**
- 4. Samningur um læsi.**
- 5. Samningur um afnot af spjaldtölvum.**
- 6. Önnur mál.**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna.

Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra

- ❖ Skólalald hefur farið vel af stað og við upphaf skólaárs eru 117 nemendur í skólanum og 30 starfsmenn.
- ❖ Kennarar mættu til vinnu í skólanum mánudaginn 17. ágúst vikuna á undan voru starfsþróunardagar sem kennarar notuðu til að sækja margvísleg námskeið.
- ❖ Mánudaginn 17. ágúst sóttu kennarar og stjórnendur námskeið um lesskilningsverkefnið Orð af orði sem er framhald á þróunarverkefni sem hófst síðastliðið haust. Við fengum aftur styrk til verkefnisins úr þróunarsjóði grunnskóla að upphæð 404 þúsund sem dugar langleiðina fyrir námskeiðskostnaði. Guðmundur Engilbertsson lektor við Háskólann á Akureyri er námskeiðshaldari og kemur til með að halda regluleg námskeið fyrir okkur í vetur eins og síðastliðinn vetur. Orð af orði er heiltæk aðferð í lesskilningi. Þess má geta að Flúðaskóli er fyrsti skólinn á Suðurlandi sem innleiðir aðferðina sem hefur reynst vel til að auka les- og málskilning nemenda.

- ❖ Þriðjudaginn 18. ágúst fóru kennarar, stjórnendur og ritari á námskeið í nýjum Mentor. Námskeiðið var haldið í Þjósárskóla, fyrir starfsfólk Flúðaskóla og Þjósárskóla. Miklar breytingar eru á vinnuumhverfi í Mentor vegna innleiðingar nýrrar kynslóðar.

- ❖ Starfsmannamál
24,19 stöðugildi við skólann skiptast sem hér segir:

Starf	Stjórnun	Kennsla	Húsvaersla	Stuðn.fulltr.	Skólasel	Ritari	Mötuneyti
Stöðugildi	2,25	15	0,6	3,29	0,3	0,5	2,25

- ❖ Þriðjudaginn 25. ágúst var vinnudagur í skóginum sem nemendur og starfsfólk tóku þátt í. Þetta tókst mjög vel og ótrúlega margt gert á stuttum tíma.
- ❖ Miðvikudaginn 26. ágúst fóru nemendur og starfsfólk í göngu að byrgi Fjalla - Eyvindar í blíðskaparveðri. Skólabílar keyrðu alla upp að Jötu og síðan var gengið þaðan undir leiðsögn Sigríðar frá Fossi.
- ❖ Fimmtudaginn 27. ágúst fóru 8. bekkingar og tveir kennarar í Helgaskála og gistu eina nótt. Það er orðið að hefð hjá okkur að fara í einnar nætur ferð með 8. bekkinga til að hrista saman hópinn svona í upphafi skólaárs.
- ❖ Verið er að leggja lokahönd á vinnumat fyrir hvern og einn kennara, töluverð vinna fylgir því og því er mikið álag á stjórnendum og of lítill tími til annarra faglegra starfa.

2. Innra mat og umbótaáætlun

Skólastjóri kynnti í hverju innra mat felst, sem er könnun á vegum skólapúlansins og ýmsar ársskýrslur. Gerð hefur verið umbótaáætlun sem byggð er á niðurstöðum þessara gagna.

3. Bréf vegna þátttöku í samræmdum prófum

Skólastjóri kynnti bréf frá Menntamálastofnun þar sem beðið var um skýringar á fjarvistum og undanþágum 10. bekkinga í samræmdum prófum í stærðfræði haustið 2014. 1 nemandi var með undanþágu frá Námsmatsstofnum og tveir nemendur tilkynntu veikindi.

4. Samningur um læsi

Skólastjóri kynnti bréf frá mennta- og menningarmálaráðherra um þjóðarsáttmála um læsi. Skólanefnd leggur til að sveitarfélagið taki þátt í þessu verkefni.

5. Samningur um afnot af spjaldtölvum

Skólastjóri kynnti drög að samningi sem gerður verður við foreldra nemenda í 8. bekk en nemendurnir munu fá afnot að spjaldtölvum til að nota við nám í vetur. Fram komu athugasemdir á fundinum sem verða skoðaðar.

6. Önnur mál

Engin önnur mál voru tekin fyrir

Fleira ekki gert. Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl 12:45